

Stofnanasamningur

Menntaskólans í Kópavogi og

Starfsmannafélags ríkisstofnana.

(samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005 með síðari breytingum)

1. Inngangur

Samningur þessi er hluti af kjarasamningi Fjármálaráðherra og SFR-stéttarfélags í almannajónustu frá 9. mars 2005 og gerður til þess að fylgja eftir samkomulagi um stofnanabátt sbr. 6. gr. samkomulagi aðila frá 5. mars 2005 um röðun starfa og persónubundna þætti.

2. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Menntaskólanum í Kópavogi.

3. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á þessum störfum hjá félagsmönnum SFR. Störfum skal raðað í launaflokka miðað við eðli starfs og starfslýsingu sbr. ISO gæðakerfi skólans. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum og er það grunnröðun viðkomandi starfs.

Starfsheiti:	Lfl.
Stuðningsfulltrúi	10
Aðst.matráður	10
Matráður	14
Skólafulltrúi	18
Þjónustufulltrúi	26
Fjármálastjóri	26

4. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

4.1. Starfsreynsla

Starfsreynsla er metin til allt að fjögurra launaflokka:

Eftir 1 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk

Eftir 3 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar,

Eftir 6 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar,

Eftir 9 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum að hluta eða öllu leyti ef hún nýtist í starfi hjá stofnuninni

4.2. Menntun

Að öllu jöfnu er tekið tillit til menntunar starfsmanna í grunnröðun enda er gerð krafa um menntun í starfslýsingu fyrir ofangreind störf. Sé ekki tekið tillit til menntunar í grunnröðun skal hún metin sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur eins til tveggja vetrar námi skal hækka um 1 launaflokk

- Starfsmaður sem lokið hefur þriggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar.

4.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk til viðbótar

4.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um 1-4 launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem fram kemur hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

4.0 Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. febrúar 2005.

5.0 Gildistími

Stofnanasamningurinn gildir frá og með 1. júní 2016.

Kópavogi, 10. maí 2016

F.h. SFR stéttarfélags

F.h. Menntaskólans í Kópavogi



Gunnarinn A. Sveinndóttir

*Margrét Friðriksdóttir
Skipta-meistari*